

**3368. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
28. febrúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1902235 - Starfsemi bókasafnsins**

Starfsemi bókasafnsins.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála og Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Halldóru og Ellu Maríu fyrir greinargóða yfirferð á starfsemi Bókasafns Akraness.*

*Bæjarráð telur ákvörðun um starfsemi bókasafnis tengjast hugmyndum um stefnumörkun sbr. dagskrárlíð nr. 2 og bæjarstjóra og forstöðumanni menninga- og safnanefndar falin frekari úrvinnsla málsins.*

**2. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar**

Verkefnið Bókasafn framtíðarinnar er eitt þeirra verkefna sem stuðlar að framgangi nýrrar menningarstefnu kaupstaðarins. Verkefnið miðar að því að að skilgreina framtíðar bókasafnið, hlutverk þess í samfélaginu, að starfsemi byggi á þörfum íbúa og sé í samráði við þá, að auka/bæta samstarf við aðrar stofnanir og að aðlaga hlutverk starfsmanna og hæfni til samræmis við breyttar kröfur. Menningar- og safnanefnd óskar eftir fjárhheimild til kaupa á aðkeyptri þjónustu við framkvæmd verkefnisins.

Ella María Gunnarsdóttir situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Ellu Maríu fyrir yfirferð á verkefninu Bókasafn framtíðar.*

*Bæjarráð samþykkir fjárveitingu til verkefnisins að fjárhæð kr. 1.430.000 með fyrirvara um úthlutun frá Uppbyggingarsjóð Vesturlands en umsókn liggur þar fyrir. Fáist sú úthlutun mun fjárhæð Akraneskaupstaðar lækka sem því nemur.*

*Kostnaðinum, samtals að hámarki kr. 1.430.0000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

SPR  
EVA

### 3. 1902094 - Bíöhöllin - samningur 2019

Tillaga um framlengingu samnings við Vini hallarinnar um rekstur Bíóhallarinnar.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi í sex mánuði eða til og með júní 2019.*

*Samhliða er því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíöhöllinni m.t.t. stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi.*

*Bæjarfulltrúi RÓ leggur fram eftirfarandi bókun:*

*RÓ telur mikilvægt að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar innan ársins 2019 með samkeppnissjónarmið að leiðarljósi.*

### 4. 1811082 - Málþing - "Lifandi samfélag - öflugt atvinnulíf"

Kynning fyrir bæjarráði um málþingið "Að sækja vatnið yfir lækinn"

Sigríður Jónsdóttir verkefnastjóri atvinnumála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Sigríði fyrir greinargóða yfirferð um áhugavert málþing sem haldið verður þann 23. mars næstkomandi í Tónbergi á Akranesi.*

*Bæjarráð leggur áherslu á að dagskrá málþingsins verði birt eigi síðar en 6. mars næstkomandi og hvetur um leið áhugasama um að skrá sig á málþingið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar.*

### 5. 1902237 - Akranes - Ímynd, styrkleikar og stefna

Kynning um ímynd, styrkleika og stefnu fyrir Akranes.

Sigríður Jónsdóttir verkefnastjóri atvinnumála situr áfram undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Sigríði fyrir kynninguna og fyrirhugað er kynning fyrir alla bæjarfulltrúa mánudaginn 11. mars kl. 18:00.*

### 6. 1902238 - Kynning á starfsemi Computer Vision ehf.

Kynning frá Computer Vision ehf. um sjálfvirkar gjaldfærslur miðlægs rekstrar.

Ársæll Baldursson framkvæmdastjóri Computer Vision tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Sigríður Jónsdóttir verkefnastjóri atvinnumála situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Ársæli fyrir komuna á fundinn, fyrir áhugaverða kynningu og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.*

**7. 1811107 - Breyting á opnunartíma bæjarskrifstofu**

Tillaga verkefnastjóra um breyttan opnunartíma í þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu með þeirri breytingu að verkefnið standi í eitt ár en verði svo endurmetið að þeim tíma liðnum.*

**8. 1801089 - Klifurfélag ÍA - uppbygging á fjölnota aðstöðu**

Drög að rekstrarsamning milli Akraneskaupstaðar um Klifurfélagsins vegna húsnæðismála félagsins.

*Bæjarráð samþykkir rekstrarsamninginn.*

*Fjárútgjöldum vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 1.200.600, verður mætt af liðnum 20830-4995.*

**9. 1806246 - Reiðskemma - v/lands í eigu Þorgeirs og Helga/Smellinn/BM Vallá**

Drög að kaupsamningi og afsal vegna Æðarodda/Miðvogur lagður fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir kaup á landinu Æðaroddi/Miðvogur, fastaeignanúmer F2333213, landeignanúmer L172763, stærð 17.516,4 fermetrar og landinu Æðaroddi/Grjótnám, fasteignanúmer F2333214, landeignanúmer L192915, stærð 11.277,3 fermetrar.*

*Heildarkaupverð landsins alls er 8,0 milljónir króna og kostnaður við þinglýsingar og gerð löggerninga áætlaður um kr. 100.000.*

*Bæjarráð samþykkir breytingar á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2019 samkvæmt framangreindu og vísar afgreiðslunni til gerðar viðauka og endanlegrar staðfestingar í bæjarstjórn.*

*Heildarkostnaði, samtals að fjárhæð um 8,1 mkr., verður mætt með samsvarandi lækkun á áætluðum rekstrarafgangi samstæðu Akraneskaupstaðar, sem samkvæmt fjárhagsáætlun er áætlaður alls um 424 milljónir króna.*

**10. 1806169 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2018**

Níu mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Lagt fram.*

## 11. 1811202 - Höfði - sviðsmyndagreining rekstrarforma

Sviðsmyndagreining fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri situr áfram undir þessum lið og Jóhann Þórðarson endurskoðandi tekur sæti á fundinum einnig undir þessum lið.

Gögn eru afhent á fundinum.

*Bæjarráð þakkar Jóhanni endurskoðanda fyrir vandaða vinnu og honum og Þorgeiri Hafsteini Jónssyni fyrir komuna.*

## 12. 1901356 - Reglur um sérstakan húsnaðisstuðning 2019

Á 98. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. febrúar 2019 var fjallað um breytingar á reglum um sérstakan húsnaðisstuðning. Lögð er til breyting á 4. lið í 3. grein.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti tillögu um breytingu og vísar þeim til bæjarráðs og bæjarstjórnar til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir reglur um sérstakan húsnaðisstuðning og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness en gert er ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif vegna breytinganna verði takmarkaðar og mætt innan fjárhagsramma velferðar- og mannréttindasviðs.*

## 13. 1901339 - Curron - samningur um þjónustukerfið CaronONE

Á 98. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. febrúar 2019 var fjallað um drög að samning og vinnslusamning við Curron ehf. um þjónustukerfið CareONE.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir samning við Curron ehf. um þjónustukerfið CareONE ásamt vinnslusamning. Ráðið vísar samningunum til samþykktar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir samningi við Curron ehf. um þjónustukerfið CareONE sem ætlað er til notkunar í heimabjónustu Akraneskaupstaðar. Bæjarráð felur bæjarstjóra afgreiðslu málsins með undirritun samningsins.*

## 14. 1802269 - Heilsueflandi samfélag

Umræður um verkefnið Heilsueflandi samfélag.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Bæjarfulltrúi RÓ leggur fram eftirfarandi bókun:*

*RÓ þakkar bæjarstjóra fyrir að taka málefni um heilsueflandi samfélag á Akranesi aftur inn á dagskrá bæjarráðs. Sjálfstæðisflokkurinn hóf þessa vegferð undir lok síðasta kjörtímabils og setti sér það markmið að hafa heilsueflingu að leiðarljósi við stefnumörkun og ákvarðanatöku Akraneskaupstaðar.*

## 15. 1809206 - Þroskahjálp Húsbýggingsjóður - samningur um uppbyggingu

Ákvörum um úthlutun stofnframlags Akraneskaupstaðar til Landssamtaka Þroskahjálpar.

*Bæjarráð fagnar úthlutun stofnframlags íbúðarlánasjóðs til verkefnisins sem var forsenda þess að uppbygging gæti átt sér stað.*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun stofnframlags til Landssamtaka Þroskahjálpar vegna uppbyggunar húsnæðis að Beykiskóum 17 með fyrirvara um samþykkt bæjarstjórnar Akraness.*

Úthlutun bæjarráðs er eftifarandi:

a.

*Samþykkt stofnframlag reiknast sem hlutfall af stofnvirði sem samkvæmt samþykkti umsókn er kr. 139.762.578 og er því samtals 22.350.104,- og greinist svo:*

- 12% stofnframlag af stofnviðri, samtals að fjárhæð kr. 16.762.578.
- 4% viðbótarstofnframlag af stofnvirði, samtals að fjárhæð kr. 5.587.526.

b.

*Stofnframlag Akraneskaupstaðar (12%) að fjárhæð kr. 16.762.578,- skal endurgreitt þegar þau lán sem tekin verða til að standa undir fjármögnun íbúðanna hafa verið greidd upp.*

c.

*Viðbótarstofnframlag Akraneskaupstaðar (4%) að fjárhæð kr. 5.587.526 , - skal endurgreitt þegar þau lán sem tekin verða til að standa undir fjármögnun íbúðanna hafa verið greidd upp. Ákvörðunin byggir einkum á skorti á uppbryggingu hentugs húsnæðis fyrir þennan hóp þjónustubega á Akranesi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 555/2016.*

d.

*Þinglýsa skal á viðkomandi fasteign kvöð um veðsetningarárbann og takmarkanir á heimildum til afnota sbr. ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglugerð nr. 555/2016.*

e.

*Landssamtökinn Proskahjálp skal undirrita samning við Akraneskaupstað þar sem kveðið er á um helstu réttindi og skyldur aðila í tengslum við veitingu stofnframlagsins.*

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

Gert hefur verið ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins.

## 16. 1711001 - Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag okt 2017

Samningur Akraneskaupstaðar og Bjargs íbúðafélags um stofnframlag og uppbryggingu íbúða á Asparskóum 12, 14 og 16.

*Bæjarráð samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Bjargs íbúðafélags hses. varðandi úthlutun stofnframlags sem og þær kvaðir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum um almennar íbúður og reglugerð nr. 555/2016 og vísar málín til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.*

## 17. 1902135 - Umhverfisvaktin - ályktanir aðalfundar

Ályktun frá aðalfundi Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð frá 9. febrúar síðastliðinn.

*Lagt fram.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.

Eisa Lára Arnardóttir

Rakel Óskarsdóttir

                 Frey brínsen

Vadgatað Loftleidur

Skemur Adolfrus